

Vesturbyggð  
b/t Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201912-140/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Breyting á deiliskipulagi Látrabjargs – Vesturbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á deiliskipulagi Látrabjargs í Vesturbyggð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin fellst í því að fyrirhuguð ný veglína fyrir Örygshafnarveg er breytt.

#### **Votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að milli stöðva 1600 og 1720 í nýrri veglínu er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess bendir stofnunin á að Látravatn fellur einnig undir 61. gr. laganna sem stöðuvatn 1.000 m<sup>2</sup> eða stærra. (sjá <https://serstokvernd.ni.is/>)

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægiságerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Valkostir


Í greinargerð kemur fram að við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við núllkost, þ.e. óbreytta veglínu eins og hún er sýnd í deiliskipulagi Látrabjargs.

Umhverfisstofnun bendir á að núverndi tillaga að veglínu fer fjær Látravatni og út fyrir votlendissvæðið sem liggur suð- austan við Örlygshafnarveg.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson

sérfræðingur